



„Sambandið endaði
með því að ég upplifði
nokkuð sem **gerði það
að verkum að ég
fékk taugaáfall**. Þá
labbaði ég eitthvað út
úr bænum, langt fram
á nótt.“

„Það skiptir öllu máli að bera virðingu“

Ljósmyndarinn Hrafna Jóna Ágústsdóttir fæddist í líkama stráks en fann snemma að hún væri stelpa. Hún reyndi í mörg ár að laga sig að því sem samfélagið bjóst við af strákum. Hún lýsir viðburðaríku lífi sínu frá því hún var áhyggjulaust barn í Vestmannaeyjum og til dagsins í dag en Hrafna tókst á við erfið áföll ofan á þann feluleik sem hún kljádist við á hverjum degi milli tvítugs og þrjátíu fimm ára aldurs.

Texti: Melkorka Mjöll Kristinsdóttir Myndir: Hákon Davíð Björnsson og úr einkasafni

Eftir fertugt upplifði hún algjört andlegt þrot. Hún fann að hún gat ekki haldið feluleiknum áfram. Sú reynsla sýndi henni svart á hvítu að hún hefði í raun engu að tapa. Þetta andlega þrot var upphafið að því að hún fór að fylgja hjartanu. Hún skráði sig í draumanámið (skapandi ljósmyndun) og fann að hún gat byrjað að takast á við þau áföll sem hún hafði orðið fyrir í gegnum listsköpun. Á sama tíma byrjaði hún í trans ferli.

„Ég er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum og átti þar ósköp venjulega og áhyggjulausa æsku. Ég teiknaði mikið og maður bara lék sér úti fram á kvöld, klifraði og sprangaði í klettum. Foreldrunum var sama svo lengi sem maður kom á réttum tíma í kvöldmat,“ segir hún kímín.

„MÉR FANNST ÉG VERA FURÐUFUGL“

„Það var ekki fyrr en ég fór að takast á við unglingsárin sem ég áttaði mig á því að það væri eitthvað ekki rétt í hausum á mér. Ég hafði samt engin orð yfir það. Eitt það fyrsta sem ég man eftir var þegar ég fór í afmæli til frænku minnar. Hún og einhverjar vinkonur hennar voru saman í hóp og einhver þeirra sagði eitthvað á borð við: „Við stelpurnar erum að leika okkur saman.“ Mér fannst ég vera hluti af þessum stelpuhóp, en vissi að þær voru ekki með mig í huga þegar þær sögðu „við stelpurnar“. Eins man ég þegar mamma sagði: „Ég á ekkert nema stráka, hvar eru stelpurnar?“ þá var eitthvað inni í höfðinu á mér sem sagði: Ég held að ég sé stelpa, en ég veit það ekki,“ segir Hrafna. „Unglingsárin fóru því rosalega mikið í að skilja hvað var í gangi í höfðinu á mér. Um

leið byrjaði blekkingarleikurinn, að þykjast vera strákur og vera með strákastæla til að reyna að fela það sem ég hélt að allir myndu annars sjá. Á þessum tíma fannst mér ég vera furðufugl, frik.“

Fyrirmyndir voru af skornum skammti þegar Hrafna var ung kona og trans fólk birtist sem viðrini í bíómyndum. Anna Kristjánsdóttir var fyrsti Íslendingurinn sem opinberlega fór í kynleiðréttingu. Var hún fyrirmynd? „Ég var heilluð af Önnu Kristjáns og því sem hún gerði en viðbrögð samfélagsins við henni og hennar lífi, þau hræddu mig bara og ýttu mér til að fara aftur inn í skápinn,“ segir Hrafna. „Það hjálpaði ekki til að ég bjó í bæ þar sem það er svolítið rótgróið að þeir sem eru öðruvísi, skrítnir, hinsegin fólk, hvað þá trans fólk, eru lagðir í einelti. Þannig að það var ekki margt sem hvatti mig til að kanna þetta betur. Svo horfði maður á alls kyns bíómyndir þar sem einhver karakteranna var kynsegin eða trans. Eins og Ace Ventura, þar er karakter sem er trans. Sú mynd eldist alveg svakalega illa. Það hvernig hún kemur fram í myndinni og í lokaatriðinu er bara ...“ Hrafna þagnar stutta stutta stund og það er greinilegt að henni er mikið niðri fyrir. „Ég get ekki horft á þessa mynd í dag án þess að fá illt í hjartað. Þannig að ég fór enn dýpra inn í skápinn og reyndi bara einhvern veginn að lifa mínu lífi.“

„KLÆÐSKIPTI VORU LÍTILL PLÁSTUR Á OFSALEGA STÓRT SÁR“

Næstu ár voru róstudusöm í lífi Hröfnu. „Eftir stúdentsprófið flutti ég til Reykjavíkur og fór að nema sagnfræði við Háskóla Íslands. Ég kláraði ekki námið,

skráði mig síðar í félagsfræði og stundaði námið í nokkur ár en útskrifaðist ekki. Í raun fór allur tvítugsaldurinn bara í eitt-hvert rötleysi og flakk á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Ég varð einnig fyrir mörgum andlegum áföllum á þessum árum.

Á þessum tíma fékk ég hálfgerða andlega útrás með klæðskiptum (crossdressing). Það er til fólk sem fær kynferðislega nautn með því en ég var ekki þar, ég var í þessu til að fá andlega útrás. Margar sem ég kynntist á þessum tíma sem stunduðu klæðskipti áttuðu sig síðar á því eins og ég að klæðskipti voru bara eins og lítill plástur á ofsalega stórt sár. Maður var að bara að reyna að tappa aðeins af pirringnum í höfðinu á sér.“

„Það var ekki fyrr en ég fór að takast á við unglingsárin sem ég áttaði mig á því að það væri eitthvað ekki rétt í hausum á mér. Ég hafði samt engin orð yfir það.“

ANDLEGT PROT

„Einhvern veginn náðu klæðskipti samt að virka þangað til ég var orðin þrjátíu og eitthvað. Þá áttaði ég mig á að ég gat þetta ekki lengur, ég gat ekki haldið áfram að afneita sjálfri mér. Þá tók við ofsalega erfitt ár þar sem ég barðist við sjálfa mig og hélt að ég væri að tapa einhverju, en í raun var ég að sigrast á þessari afneitun,“ segir hún. „Ég sagði konunni minni, henni Báru, frá því að ég væri trans árið 2016. Þetta kom henni ekki svo mikið á óvart þar sem hún

þekkti hina kvenlegu hlið mína vel í gegnum klæðskipti. Í fyrstu var hún þó óviss um hvort þetta væri það sem ég vildi, en studdi mig 100% og var með mér í að kanna þessa átt sem ég var að fara með líf mitt.

Svo fór ég til pabba og þeirra. Ég náði varla að klára það sem ég ætlaði að segja áður en þau komu til mín og knúsuðu mig. Ég var búin að kvíða svo rosalega fyrir þessu og hafði frestað því allt of lengi að tala við þau, svo var þetta bara svona. Pabbi sagði meira að segja; „þegar ég hugsa út í það þegar þú varst unglingur ... það var eitthvað sem ég bara náði ekki að festa fingur á.“

ÞAÐ SKIPTIR ÖLLU MÁLI AÐ BERA VIRÐINGU

Hrafna brosir innilega að þessari minningu. „Mamma og þau báru rosalega mikla virðingu fyrir þessu en föttuðu þetta ekki alveg strax. Ég bara gaf þeim tíma til að átta sig. Það skiptir öllu máli að bera virðingu. Þú þarft ekkert að skilja þetta strax. Eina krafan er sú að fólk beri virðingu fyrir því hvernig annað fólk lifir lífi sínu. Skilningurinn getur stundum komið seinna. Ég er til dæmis enn að reyna að átta mig á hugtakinu kynsegin (non-binary), það er að segja fólk sem skilgreinir sig hvorki sem konu né karl. Eins og ég skil þetta þá er, bæði hjá mannfólkinu og í dýraríkinu, í rauninni ákveðið róf að þessu leytinu til. Með tímanum er ég farin að skilja þetta betur. Ég þekki ofsalega margt fólk sem er kynsegin, sem hefur verið að útskýra þetta fyrir mér. En þótt ég skilji þetta ekki 100% þá, ef þú ert kynsegin, þá bara frábært, ég styð þig 100%.“

Mamma og stjúppabbi Hröfnu áttu að lokum eftir að átta sig á hvað Hrafna hafði gengið í gegnum. „Fyrir svona einu ári fékk ég mömmu og stjúppabba til að átta sig fullkomlega á því hvað felst í því að vera trans. Ég bara náði að orða þetta einhvern veginn þannig að þau allt í einu skildu þetta,“ segir hún. „Svo kom ég út sem trans fyrir öllum í október 2018.“

VILJINN TIL AÐ LIFA

Blaðamaður segir að það hljóti að þurfa mikinn kjark til að standa loks fullkomlega með sjálfum sér gagnvart öllum. Hrafna tekur undir það en útskýrir einnig að í raun hafi hún ekki átt annarra kosta vö. „Þetta er líka svolítið spurning um viljann til að lifa (survival instinct). Ég fann að ég gat ekki haldið áfram á sömu braut. Þetta var spurning um annaðhvort að fara þessa leið eða taka svefntöflur og enda líf mitt. Sérstaklega þegar maður er kominn þetta ákveðið langt á lífsleiðinni án þess að gera nokkuð. Eins og ég sagði konunni minni.

„Margar sem ég kynntist á þessum tíma sem stunduðu klæðskipti áttuðu sig síðar á því eins og ég að **klæðskipti voru bara eins og lítil plástur á ofsalega stórt sár**. Maður var að bara að reyna að tappa aðeins af pírningnum í hausnum á sér.“



Hrafna og Bárna með ömmubarnið.

Þetta líf var ekkert lengur þess virði að lifa nema ég gerði eitthvað. Það er svo mikil andleg þjáning fólgin í því að þurfa að fara í gegnum lífið í felum, að þykjast vera eitthvað annað en maður er. Þú getur rétt ímyndað þér hvernig það er að geta loksins hætt því að fullu,“ segir Hrafna.

Eftir fertugt lét Hrafna gamlan draum sinn um að læra ljósmyndun verða að veruleika. „Árið 2017, þegar ég var fjórutíu og eins árs, og var búin að vera í viðtölum

hjá sálfræðingi og félagsráðgjafa trans teymisins, lét ég verða af því að skila inn umsókn og möppu með ljósmyndum (portfolio) til Ljósmyndaskólans. Sá draumur hafði lengi blundað í mér. Í kjölfarið var ég boðuð í viðtal til Sissu, sem er skólastjóri Ljósmyndaskólans. Ég var ein af þeim sem voru valin inn í skólann. Mér fannst þetta alveg geggjað, ég er fjórutíu og eitthvað og ætla að fara þessa átt í lífinu núna,“ segir hún. „Námið opnaði margt fyrir mér andlega og tilfinningalega og ég fann að þarna var ég að nýta hæfileika mína. Ég lærði allt sem tengist ljósmyndun. Bæði að kafa ofan í listrænu hliðina en einnig praktíska hluti á borð við það hvernig er best að koma sér og list sinni á framfæri í galleríum.“

SUNDFERÐIR ERU FJARLÆGUR DRAUMUR

„Eitt þeirra verkefna sem við fengum í skólanum var að taka portrett-myndir af sjálfum okkur. Þarna fékk ég þá hugmynd að koma svolítið myndrænt fram með hversdagslegan hlut sem trans fólk hættir að geta gert á ákveðnum tímapunkti. Í verkinu bý ég til svarthvítan draum, þar sem ég er að fara í sturtu og í sundbolinn. Þetta var svolítið mín leið til að vinna með það sem ég var að ganga í gegnum á þessum tíma. Sérían er svarthvít vegna þess að þessi hversdagslega reynsla er langsóttur draumur fyrir þennan hóp af fólki. Bara ofsalega lokaður draumur vegna þess að það eru náttúrulega ákveðin félagsleg norm í gangi. Allt fólk dæmir sig út frá líkamlegum þáttum. Þetta snýst í grunninn um sjálfstraust og líkamsvirðingu. Hjá trans fólki er þetta bara þúsund sinnum erfiðara.“

Á þessum tímapunkti vendir blaðamaður kvæði sínu í kross til að spyrja Hröfnu út í nýleg lög um kynrænt sjálfræði (lög frá 2019). Lögin kveða á um rétt einstaklinga til að skilgreina sjálfir kyn sitt. Blaðamaður spyr Hröfnu hvort lögin skipti miklu máli fyrir trans einstaklinga? „Lögin ryðja úr vegi fjölmörgum óþarfa hindrunum í formi nefnda, sálfræðinga og félagsráðgjafa og auðvelda þannig transfólki að breyta skráningu sinni. Nú þarf fólk ekki lengur að bíða í einhver ár til að fá skráningunni breytt,“ segir hún.

„Þetta er í raun og veru bara einhver skráning í þjóðskránni en þú þarft á henni að halda fyrir svo margt, hvort sem það er vegna bankaviðskipta, vegabréfs eða annars. Áður en lögin tóku gildi lentu trans einstaklingar í sífelldum árekstrum við kerfið. Þú getur ímyndað þér það ef þú ferð til dæmis niður í Landsbanka og þér er heilsað sem herra Melkorku. Þetta fokkar upp í hausnum á manni. Maður veit að maður er eitthvað ákveðið en

kerfið fattaði það ekki.“

Það væri frábært ef kyn væri ekki skráð í þjóðskránni, því það kemur í raun engum við,“ heldur hún áfram. „En vegna þess að það er skráð þá er gott að fólk hafi frelsi til að skilgreina sig sjálft. Þess vegna skipta lögin ofsalega miklu máli fyrir trans og kynsegin fólk.“

Hrafna segir að þeir sem tala gegn kynrænu sjálfræði byggja málflutning sinn oft og tíðum á flökkusögum. „Fólk gerir þetta ekkert bara út á djókið sko. Alls staðar í heiminum byrjarðu á einhverjum ákveðnum stað, t.d. hjá sálfræðingi, og ákveður hvort þú vilt umbreyta lífi þínu andlega og líkamlega, svo færðu leyfi til að skrá þig. Þú getur ekkert bara farið niður í Þjóðskrá og sagt: „Hæ, ég er karl,“ eða „Hæ, ég er kona“, enda hefurðu enga ástæðu til þess. Það er í gangi alveg hræðileg mýta hjá sumu fólki um að lögin opni leið fyrir niðinga til að bara allt í einu skilgreina sig sem konu í þjóðskrá, mæta svo í kvennaklefann og eitthvað svona. Þetta er flökkusaga en það versta er að margir trúa þessu. Með svona sögum er verið að gera okkur að einhverjum skrímslum án þess að það sé nokkur fótur fyrir því.“

AÐ TAKAST Á VIÐ SÁRSAUKANN

Hrafna útskrifaðist frá Ljósmyndaskólanum í janúar á þessu ári. Efniviður lokaverkefnisins var stórt áfall sem hún varð fyrir þegar hún bjó í Bretlandi. „Ég endurskaði erfitt augnablik með aðstoð móðela sem ég auglýsti eftir og leiðbeindi. Þannig var að ég bjó úti í Bretlandi í nokkra mánuði árið 2007 og var í hræðilegu sambandi sem eyðilagði mig næstum. Sambandið endaði með því að ég upplifði nokkuð sem gerði það að verkum að ég fékk taugaáfall. Þá labbaði ég eitthvað út úr bænum, langt fram á nótt. Það eru stórar eyður í minningunni, ég man kannski svona þrjátíu prósent af þessu. Lokaverkefnið endurspeglar þá angist og þann sársauka sem ég upplifði.

Verkið bar titilinn „Stráðu salti á mig“. Þarna er ég að tala við sjálfa mig og mínar minningar. Ná sambandi við þær, ekki forðast þær heldur strá salti á sárin, sem er rosalega sárt, leyfa minningunum að rúlla og takast þannig á við sársaukann. Á sama tíma er verkið almenn skírskotun til áfalla sem fólk verður fyrir og tilraun til að tengja saman það sem gerist hið innra við það sem fólk sér.“

Hrafna lét ekkert stoppa sig í að klára verkið. „Þegar ég var að vinna að lokaverkefninu varð ég mjög veik af alvarlegum D-vítamínskorti. Ég var komin niður í einhver gildi sem voru langt frá því að vera eðlileg. Þetta hafði það mikil áhrif á mig að

mér var boðið að taka ársveikindaleyfi frá skólanum, borga ekki skólagjöldin og byrja svo bara aftur seinna,“ segir hún. „Ef ég hefði verið með eitthvað annað í gangi hefði ég eflaust tekið þessu boði fegins hendi, en málið var að ég var búin að leggja svo mikið andlega í þetta verkefni. Ég var með þennan loga innra með mér og þarna var ég loksins komin á þann stað að geta tekist á við minningarnar. Ég var ekkert viss um að ég næði að taka upp þráðinn aftur seinna. Þess vegna sagði ég sagði bara: „Nei, ég ætla að klára, jafnvel þó það gangi frá mér.““

Þótt lokaverkefnið hafi hjálpað Hröfnu til að takast á við sársaukann læknaði það ekki öll sárin. „Þetta fer ekkert,“ útskýrir hún, „með tímanum verðurðu kannski þjálfaðri og með fleiri verkfæri til að takast á við þau áföll sem þú verður fyrir og setja plástur yfir, en tíminn læknar ekkert öll sárin.“

Hrafna er um þessar mundir að undirbúa sína fyrstu einkasýningu. Sýningin verður opnuð í nóvember og verður í Ljósmynda-safni Reykjavíkur. „Ég fór að taka eftir því



„Þegar maður er með ungum börnum leiðir maður ekki hugann að sjálfum sér heldur lifir sig bara inn í þeirra líf. Eins og um daginn þegar við fórum í heimsókn, þá hvarf allur líkamlegur og andlegur sársauki á meðan ég horfði á hann og fylgdist með því hvernig hann upplifir heiminn.“

að margar af þeim myndum sem ég tók á ákveðnu tímabili kölluðust á við það sem ég upplifði árið 2007. Þetta voru myndir af húsum og hverfum um nótt en í raun einnig myndir af tilfinningum. Sýningin fangar þann lágstemmda en margslungna heim sem birtist um nætur og vekur tilfinningar. Auk þess að vera með næturmyndir verð ég með svolítið sem er áþreifanlegra en ljósmyndir, nokkuð sem mun koma á óvart.“

LOKSINS KONAN SEM HÚN ÁTTI ALLTAF AÐ VERA

Ertu sátt við þann stað sem þú ert á núna? „Það er náttúrulega margt sem ég þarf að lifa með sem er ekkert þægilegt, erfðar minningar og áföll. Svo eru litlir hlutir eins og að hugsa um að ég fékk aldrei að upplifa að vera dóttir foreldra minna. En á sama tíma er ég núna að upplifa að vera stelpa, unglingsstelpa eða unga konan sem ég átti alltaf að vera. Hormónar sem ég er á gera það að verkum að maður fer í gegnum það sem er stundum kallað gelgjuskeið númer tvö vegna þess að hormónabreytingarnar hafa áhrif á líkamann, andlegu hliðina og á tilfinningarótið á svo margvíslegan hátt. Þannig að þótt ég sé fjórutíu og fjögurra ára líður mér stundum eins og ég sé sextán,“ segir hún og hlær.

„Ég er að gera það sem mig langar til að gera. Ég fæ að vera ég sjálf og get hætt að ritskoða allt sem ég geri. Það er frelsi. En hormónar og blokkerar eru bara einn hluti þeirra gríðarlegu breytinga sem smám saman eru að verða á lífi mínu. Ég er hægt og sígandi að samhæfa útlitslega og það sem ég er hið innra. Það er rosalega mikið verkefni.“

Síðastliðið rúmt ár hefur verið afar viðburðaríkt í lífi Hröfnu. Auk þess að hafa útskrifast úr námi í skapandi ljósmyndun og haldið áfram veginn í trans ferlinu er hún að takast á við nýtt hlutverk sem stjúpamma lítils drengs. Blaðamaður spyr hana því að lokum hvernig sé að vera orðin amma? Bros færir yfir andlit Hröfnu. „Mér finnst bara æði að vera amma, bara yndislegt hlutverk að takast á við. Ömmubarnið varð eins árs í ágúst. Hann er svo mikill truckkur. Við kíkjum oft í heimsókn og sjáum náttúrliga snapp af honum á hverjum einasta degi. Hann er sætasti krakki í heimi. Ég er reyndar mjög hlutdræg.

Þegar maður er með ungum börnum leiðir maður ekki hugann að sjálfum sér heldur lifir sig bara inn í þeirra líf. Eins og um daginn þegar við fórum í heimsókn, þá hvarf allur líkamlegur og andlegur sársauki á meðan ég horfði á hann og fylgdist með því hvernig hann upplifir heiminn,“ segir Hrafna Jóna Ágústs dóttir að lokum.